

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2018**

2021/EES/13/40

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1525 frá 4. september 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/256/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappír safurðir ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 2zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32017 D 1525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1525 frá 4. september 2017 (Stjttð. ESB L 230, 6.9.2017, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2017/1525, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(¹) Stjttð. ESB L 230, 6.9.2017, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.